

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 29. apríl 2021
UST202104-264/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Hafrafell - Múlaþing

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaþings er barst 21.apríl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Hafrafell í Múlaþingi.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er tæplega 11 hektarar að stærð og er staðsett suður af enda Urriðavatns, þar sem hugmyndin er að skipuleggja frístundabyggð fyrir tíu frístundahús.

Fell


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Fell og er númer 646 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem afar sérkennilegu landslagi, sem einkennist af fellum og klettaásum með mýrarsundum og vötnum á milli. Auk þess er þar mikill og fjölbreytilegur gróður og fjölbreytt fuglalíf.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja, gróður og fuglalíf.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur